5 Lotto Fimmfaldur 1. vinningur

Dagur-Tíminn

5 Lotto Fimmfaldur 1. vinningur

LÍFIÐ Í LANDINU

Laugardagur 5. október 1996 - 79. og 80. árgangur - 190. tölublað

HAGVAXTAR-HUGSJÓNIN EINRÁÐ?



Mynd: BG

Er hægt að kenna stjórnmálamönnum að hafa brennandi hugsjónir? Ef svo er, gefst þeim nú einstakt tækifæri til að nema og tileinka sér hugsjónir á borð við frelsi, réttlæti, lýðræði, jöfnuð og mannréttindi, þ.e. aðrar en hagvaxtarhugsjónina.

Vilhjálmur Árnason, heimspekingur, ætlar að fræða menn um hugsjónir stjórnmálanna á námskeiði sem hefst eftir helgi hjá Endurmenntunarstofnun í Háskólanum. Það gæti verið sérstaklega freistandi fyrir ákveðna forkólfa í íslenskum stjórnmálum að hressa upp á skilning sinn á t.d. hugtakinu jöfnuður sem að vísu er dottið úr tísku meðal heimspekinga samkvæmt Vilhjálmi. Mál málanna í stjórnmálaheimspekilegri umræðu er - réttlæti. „Ég man nú bara varla eftir neinum heimspekingi sem er talsmaður þess að deila gæðunum jafnt."

Vilhjálmur segir að námskeiðið sé ekki ætlað stjórnmálamönnum sérstaklega en ef þeir eru áhugasamir um málið þá sé það ágætt...

- En segjum að þú fengir í bekkinn þinn Svavar, Jóhönnu, Davíð, Halldór Ásgríms og fleiri góðkunningja almennings. Hvernig heldurðu að þetta námskeið gæti nýst þeim í þeirra starfi?

„Stjórnmálamenn þurfa örugglega mikið að hugsa, móta stefnu og temja sér málefnalega umræðu - ég er ekki að segja að þeir hafi gert það - en ég held það væri mjög gagnlegt fyrir landslýð ef þeir færu að hugsa hversdagsmálin undir lengra sjónarhorni hugsjónanna og taka ákvarðanir sínar meira í ljósi t.d. réttlætis svo þeir geti tamið sér málefnalegri samræður. Mér finnast umræður á þingi yfirleitt ekki miðast við að leiða mál til lykta með rökum heldur sé frekar reynt að hafa þau í gegn með herkænsku."

Hagvaxtarhugsjónin í algleymingi

- Eru einhverjar hugsjónir í íslenskum stjórnmálum?

„Ég á nú erfitt með að koma auga á þær. Aðrar en þessa hagvaxtarhugsjón, sem menn telja forsendu allra góðra hluta."

- Hvað er hugsjón?

„Hugsjón í stjórnmálunum er eins konar sýn á það hvernig við getum best hagað samfélaginu. Við þurfum ekki endilega að hafa trú á því að hægt sé að koma hugsjóninni á, a.m.k. ekki hér og nú, heldur sem einhvers konar langtímamarkmið sem við stefnum að og teljum að hægt sé að fylkja fólki um."

- Nú eru hugsjónir oftast nær tengdari grasrót en bjargföstum flokkum. Þrífast hugsjónir betur meðal grasrótanna, t.d. hjá Kvennalistanum sem hefur haldið því formi?

„Ég held nú að allir stjórnmálaflokkarnir séu að einhverju leyti sprottnir upp úr hugsjónum. Kvennalistinn er yngstur og hefur haldið þessu grasrótarformi og því er kannski minnst farið að fenna yfir þeirra hugsjón."

- Það er sem sagt ekki fokið í skafla yfir hugsjónir eldri flokkanna?

„Nei. Sjálfstæðismenn tengjast náttúrulega einstaklingsfrelsinu, Framsóknarmenn samvinnuhugsjóninni og Alþýðubandalagsmenn og jafnaðarmenn allir jöfnuðinum. En eins og orðræða stjórnmálanna hefur þróast þá snúast þeirra ákvarðanir í reyndinni meira og minna um einhvers konar bráðaviðgerðir á vanda efnahagslífsins."

Jöfnuður um hvað?

- Nú hafa jafnaðarmenn verið að sameinast...

„Ég er nú ekki viss um að þeir séu jafnaðarmenn..."

- en hvernig ætlar þú að varpa ljósi á hugtakið jöfnuð?

„Ég mun reyna að skýra hefðina fyrir þessu orði og merkingu hugtaksins í stjórnmálum. Jafnaðarmenn hafa í gegnum tíðina verið að draga úr ójöfnuði og beita sér fyrir jafnari skiptingu. En það er spurning hvar þetta myndi enda ef jöfnuðurinn gengi alla leið, ég er ekkert viss um að menn hafi leitt hugann skipulega að því."

- Jón og Jóhanna hafa kannski ekki grafið nógu djúpt í hug sér þegar þau gáfu hugsjónum sínum nafn?

„Nei. Ég er mjög efins um að jöfnuður sé æskilegt pólitískt markmið, og þá jöfnuður um hvað? Ég held það sé alls ekki æskilegt að það sé jöfnuður um alla hluti, ekki einu sinni efnahagslega. Vilja jafnaðarmenn t.d. að allir fái jafnhá laun? Vilja menn útjafna á öllum sviðum þannig að allir fái jafnt af öllu. Jafnrétti er allt annað, það er alltaf jafnrétti til ákveðinna hluta, t.d. til náms. Ég held að nær sé að spyrja um réttlæti, sanngjarna útdeilingu gagna og gæða samfélagsins."

-Það væri þá kannski eðlilegra að kalla nýja breiðfylkingu vinstrimanna: Samtök réttlætissinna?

„Ég veit það ekki, ég held að hver einasti stjórnmálamaður vildi segja að hann ynni samkvæmt réttlætishugsjóninni. Ég held það væri hæpið að tiltekin samtök færu að tengja sig við réttlæti.

Ef efla á frumkvæði og sjálfstæði og ef við viljum ekki enda með einhverja allsherjar vöggustofu þá held ég að við megum ekki einblína um of á jöfnuðinn."

LÓA

„Stjórnmálamenn þurfa örugglega mikið að hugsa, móta stefnu og temja sér málefnalega umræðu - ég er ekki að segja að þeir hafi gert það."

Maður vikunnar

Maður vikunnar gengur á flókainniskóm fyrirgreiðslunnar, en talaði sjálfur um farísea og tollheimtumenn, brýndi þá sem hæst hafa til auðmýktar og sjálfsskoðunar.

Maður vikunnar er Flóki Kristinsson sr. í Lúxemborg og nágrenni. Hann kvaddi Langholtssöfnuð á sunnudaginn var og sjónvarpsvélarnar sýndu þétt handtök og faðmlög þeirra sóknarbarna sem komu í síðustu messuna. Á móti komu kaldar kveðjur frá sóknarbörnum - væntanlegum - í Lúxemborg: Prestur í þrjú dagsverk! - sem við höfum fengið með sæmd frá Lundúnum, við þurfum ekki Flóka! Ríkisstjórnin setur samt fimm milljónir í dæmið. Dagur-Tíminn og DV voru á móti þessari ráðstöfun í leiðaraskrifum, Alþýðublaðið hrósaði Flóka, Morgunblaðið ... hefur ekki skoðun á málinu. Flóki er maður vikunnar og gangi honum allt í haginn.